

T I L L A G A

að starfsreglum um áframhaldandi gildi starfsreglna þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Guðlaugur Óskarsson.

1. gr.

■ Eftirtaldar starfsreglur kirkjuþings þjóðkirkjunnar halda gildi sínu til 1. janúar 2023:

1. Starfsreglur um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar nr. 330/2019, sbr. starfsrgl. nr. 1158/2020.
2. Starfsreglur um biskupsstofu, nr. 1230/2016, , sbr. starfsrgl. nr. 402/2021.
3. Starfsreglur um djákna nr. 738/1998, sbr. starfsrgl. nr. 843/2003 og nr. 1051/2018.
4. Starfsreglur um Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu kirkjunnar nr. 951/2009, sbr. starfsrgl. nr. 954/2010 og 387/2021.
5. Starfsreglur um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000, sbr. starfsrgl. nr. 770/2002, nr. 1030/2007, nr. 1051/2018 og nr. 402/2021.
6. Starfsreglur um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 1074/2017.
7. Starfsreglur um leikmannastefnu nr. 874/2004, sbr. starfsrgl. nr. 953/2010 og nr. 1051/2018.
8. Starfsreglur um presta nr. 1110/2011, sbr. starfsrgl. nr. 1051/2018.
9. Starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009 , sbr. starfsrgl. nr. 951/2010, nr. 1024/2014, nr. 1076/2017, nr. 1115/2018, nr. 935/2020, nr. 985/2020, nr. 1214/2020, nr. 401/2021 og nr. 402/2021.
10. Starfsreglur um prófasta nr. 966/2006, sbr. starfsrgl. nr. 1026/2007, nr. 1030/2007, nr. 947/2009, nr. 948/2009, nr. 917/2010, nr. 1038/2012, nr. 1051/2018, nr. 1157/2020, nr. 402/2021 og nr. 763/2021.
11. Starfsreglur um ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni nr. 821/2000, sbr. starfsrgl. nr. 954/2010 og nr. 1051/2018.
12. Starfsreglur um samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar nr. 1111/2018, sbr. starfsrgl. nr. 402/2021.

13. Starfsreglur um samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar nr. 1006/2005, sbr. starfsrgl. nr. 1023/2014 og nr. 1051/2018.
14. Starfsreglur um sérþjónustupresta sem ráðnir eru á vegum stofnana og félagasamtaka nr. 842/1999, sbr. starfsrgl. nr. 954/2010 og nr. 1051/2018.
15. Starfsreglur um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, sbr. starfsrgl. nr. 1074/2008, nr. 947/2009, nr. 915/2010, nr. 917/2010, nr. 955/2010, nr. 1114/2011, nr. 1115/2011, nr. 1035/2012, nr. 284/2013, nr. 1104/2013, nr. 625/2014, nr. 1026/2014, nr. 304/2016, nr. 1032/2016, nr. 444/2017, nr. 387/2018, nr. 1052/2018, nr. 1112/2018, nr. 1113/2018, nr. 230/2019, nr. 231/2019, nr. 232/2019, nr. 273/2019, nr. 1012/2019, nr. 1013/2019, nr. 974/2020 og nr. 1154/2020.
16. Starfsreglur um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 730/1998, sbr. starfsrgl. nr. 827/2000, nr. 1030/2007, nr. 1031/2007, nr. 1051/2018 og nr. 402/2021.
17. Starfsreglur um þjálfun djáknaefna nr. 843/2003, sbr. starfsrgl. nr. 1051/2018.
18. Starfsreglur um þjálfun prestsefna nr. 788/2002, sbr. starfsrgl. nr. 1008/2005 og nr. 954/2010.

2. gr.

■ Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.

Greinargerð.

Í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 segir: *Starfsreglur og samþykktir, sem kirkjuþing hefur sett eða samþykkt í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hefur fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021.*

Starfsreglur þjóðkirkjunnar, sem samþykktar hafa verið af kirkjuþingi allt frá árinu 1998, munu samkvæmt þessu ákvæði falla úr gildi 31. desember 2021. Til þess að svigrúm sé til að endurskoða þær með tilliti til breytts lagaumhverfis þjóðkirkjunnar er lagt til að þær falli ekki úr gildi um næstu áramót heldur verði gildistími þeirra framlengdur til 1. janúar 2023. Kirkjuþing 2021 – 2022 hefur, á þingfundum sínum í október mánuði 2021, þegar afgreitt tiltekna tillögur að nýjum starfsreglum, sem leysa eldri starfsreglur af hólmi. Er því ekki þörf á að veita framlengdan gildistíma í þeim tilvikum. Er þar um að ræða starfsreglur um

kjaranefnd þjóðkirkjunnar,
fjármál þjóðkirkjunnar,
söfnuði og sóknarnefndir og um

ráðningu í prestsstörf.

Þá liggja jafnframt fyrir kirkjuþingi 2021 – 2022 óafgreiddar tillögur að starfsreglum sem með sama hætti munu í flestum tilvikum leysa af hólmi gildandi starfsreglur og er því ekki fjallað um þær starfsreglur hér. Þar er um að ræða starfsreglur um

kjör til kirkjuþings,
kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa,
kirkjuþing og um þingsköp kirkjuþings,
vígslubiskupa,
biskupafund,
íslensku þjóðkirkjuna erlendis og um
rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar.

Verði einhverjar framangreindra tillagna ekki samþykktar gæti þurft að framlengja gildistíma þeirra starfsreglna sem þeim er ætlað að leysa af hólmi.

Þá liggur fyrir tillaga að starfsreglum um prófafa (21. mál 2021–2022) og er lagt til að þeim verði hrundið í framkvæmd 1. maí 2022. Þar er lagt til að starfsreglur um prófafa falli brott við gildistöku starfsreglnanna ef samþykktar verða.

Í ýmsum þeirra starfsreglna sem tillaga þessi tekur til og veitir framlengdan gildistíma er kirkjuráði falin ábyrgð og hlutverk. Nýsamþykkt þingsályktun um skipan framkvæmdanefndar kirkjuþings og erindisbréf nefndarinnar, sbr. 36. mál kirkjuþings 2021 - 2022 svo og væntanlegar nýjar starfsreglur um rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar, sbr. 38. mál kirkjuþings 2021–2022 munu gilda að mestu leyti um þá ábyrgð og þau verkefni frá og með 1. janúar 2022. Enn fremur skal minnt á að í þeim starfsreglum, sem þegar hafa verið samþykktar, er verkefnum, sem kirkjuráð hefur haft á hendi, skipað með öðrum hætti.